


# 3F 2017

## Árshlutaskýrsla

EIK FASTEIGNAFÉLAG

# Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður ........ 2
Fyrstu níu mánuðir ársins 2017 ........ 4
Staðsetning og tegundir fasteigna ........ 6
Um rekstur félagsins ........ 8
Um efnahag félagsins ........ 10
**Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar** ........ 13
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra ........ 14
Yfirlit yfir heildarafkomu tímabilsins 1. janúar til 30. september 2017 ........ 15
Efnahagsreikningur 30. september 2017 ........ 16
Eiginfjáryfirlit 30. september 2017 ........ 17
Sjóðstreymisyfirlit fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2017 ........ 18
Skýringar ........ 19

*Fjárhæðir eru í milljónum króna*

# Helstu niðurstöður

| m.kr. | 3F 2017 | 2F 2017 | 1F 2017 | 4F 2016 | 3F 2016 |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 2.016 | 1.875 | 1.752 | 1.765 | 1.822 |
| Þar af leigutekjur | 1.627 | 1.575 | 1.464 | 1.460 | 1.419 |
| Þar af tekjur vegna Hótels 1919 | 281 | 199 | 182 | 187 | 314 |
| Rekstrarkostnaður | (684) | (632) | (631) | (618) | (592) |
| Þar af rekstrarkostnaður fjárfestingareigna | (434) | (416) | (416) | (429) | (346) |
| Þar af skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | (80) | (78) | (85) | (79) | (76) |
| Þar af rekstrarkostnaður Hótels 1919 | (170) | (138) | (130) | (110) | (170) |
| **Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu og afskriftir** | **1.331** | **1.244** | **1.122** | **1.147** | **1.229** |
| Matsbreyting, söluhagnaður og afskriftir | 332 | 742 | 451 | 811 | 578 |
| Hrein fjármagnsgjöld | (655) | (929) | (616) | (698) | (605) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **1.009** | **1.057** | **957** | **1.227** | **1.202** |
| **Hagnaður tímabilsins** | **804** | **839** | **767** | **982** | **963** |

| | 3F 2017 | 2F 2017 | 1F 2017 | 4F 2016 | 3F 2016 |
|---|---|---|---|---|---|
| NOI hlutfall* | 76,6% | 76,0% | 74,0% | 74,6% | 78,7% |
| Stjórnunarkostnaðarhlutfall af leigutekjum** | 4,6% | 4,8% | 5,6% | 5,1% | 4,9% |
| Stjórnunarkostnaðarhlutfall af fasteignum*** | 0,37% | 0,38% | 0,43% | 0,42% | 0,41% |

| | 30.9.2017 | 30.6.2017 | 31.3.2017 | 31.12.2016 | 30.9.2016 |
|---|---|---|---|---|---|
| Virðisútleiguhlutfall | 95,6% | 96,8% | 97,2% | 96,4% | 96,3% |



















*Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu, afskriftir og einskiptisliði / leigutekjur (sjá skýringu á bls. 9)
**Stjórnunarkostnaður án einskiptisliða / leigutekjur
***Stjórnunarkostnaður án einskiptisliða / meðalstaða fasteigna

# Fyrstu níu mánuðir ársins 2017

EBITDA var í takt við áætlanir stjórnenda fyrstu níu mánuði ársins. Félagið hélt vel heppnað skuldabréfaútboð á EIK 161047 samhliða uppgreiðslu á skuldabréfaflokknum EIK 12 01 sem nú hefur verið afskráður.

***Um rekstur fyrstu níu mánuði ársins 2017***

Rekstur félagsins gekk vel á fyrstu níu mánuðum ársins og var í takt við áætlanir stjórnenda. EBITDA félagsins var 3.696 m.kr. og matsbreyting 1.550 m.kr. eftir þriðja ársfjórðung. Afkoma Hótels 1919 var áfram undir væntingum en félagið sér mikil tækifæri í rekstri þess á komandi misserum. Stefnt er að uppfærslu á herbergjum hótelsins á næsta ári og verið er að skoða hvort fýsilegt sé að fara í breytingar á veitingastað hótelsins.

Síðari hluti afhendingar höfuðstöðva Vodafone að Suðurlandsbraut 8 var á þriðja ársfjórðungi. Bónus skrifaði undir samning um stækkun verslunar sinnar við Smáratorg 1 og er hún stærsta verslun Bónuss á landinu. Nettó skrifaði undir langtímaleigusamning um áframhaldandi starfsemi verslunar sinnar á Glerártorgi ásamt því að Tannlæknastofur Akureyrar tóku á leigu hluta 2. hæðar. Orkuveita Reykjavíkur tók um 3 þúsund fermetra á leigu að Smáratorgi 3 undir starfsemi dótturfélags og fyrir þrjú fyrirtæki sem voru til húsa í höfuðstöðvum þeirra að Bæjarhálsi. Þá var einnig gerður langtímaleigusamningur um 20. hæðina sem breytt verður úr veislusal í glæsilegar skrifstofur.



***Sterk eftirspurn í skuldabréfaútboði félagsins***

Um miðjan október opnaðist heimild til endurfjármögnunar skuldabréfaflokksins EIK 12 01. Flokkurinn bar 4,3% vexti sem voru umtalsvert hærri en þau fjármagnskjör sem félaginu hafði boðist í síðustu skuldabréfaútboðum þess.

Í aðdraganda uppgreiðslunnar var haldið vel heppnað skuldabréfaútboð þar sem boðnir voru til sölu tveir skuldabréfaflokkar, EIK 161023 og EIK 161047. Heildareftirspurn í báða flokkana nam samtals 11,5 ma.kr. en 9,9 ma.kr. voru seldir í flokkinn EIK 161047 á ávöxtunarkröfunni 3,6%. Hollenskt uppboð var á EIK 161023 en Eik hafnaði öllum tilboðum í hann. Vegin meðalávöxtunarkrafa var 3,61% í uppboðinu. Samhliða þessu voru dregnir rúmlega 2 ma.kr. á bankafjármögnun sem félagið hafði tryggt sér í aðdraganda útboðsins. Flokkurinn var svo greiddur upp þann 16. október s.l. og afskráður í kjölfarið.

***Helstu framkvæmdir***

Framkvæmdum við Suðurlandsbraut 8 er lokið og Vodafone hefur hafið starfsemi í húsinu. Bílakjallarinn hefur verið tekinn í notkun að hluta og verður efsta hæð kjallarans tekin í notkun á næstunni. Stefnt er að því að Suðurlandsbraut 10 verði orðin fokheld í nóvember.

Framkvæmdir utanhúss að Ármúla 3, eru á lokametrunum og stefnt að lokaúttekt í byrjun desember. Mötuneyti VÍS



hefur verið flutt í kjallara hússins og nýir kaffikrókar á hæðum teknir í notkun. Við framkvæmdirnar hefur húsið stækkað um rúma 200 fm og eftir flutning mötuneytis af efstu hæð hússins niður í kjallara verður tækifæri til þess að koma fyrir góðu skrifstofurými með glæsilegu útsýni á efstu hæð hússins.

Unnið hefur verið að því að innrétta hluta annarrar hæðar Glerártorgs á Akureyri fyrir tannlæknastofur. Framkvæmdir eru á lokametrunum og starfsemi hefst í rýminu í nóvember. Nú er svo komið að nærri öll önnur hæð hússins er komin í útleigu til læknatengdrar starfsemi. Þessar breytingar eru mikil lyftistöng fyrir Glerártorg og eykur til muna umferð um húsið.

Framkvæmdir vegna 20. hæðar Smáratorgs 3 hafa verið boðnar út og stefnt að því að nýir leigjendur flytji inn í vetur. Útbúin hefur verið sturtuaðstaða í kjallara hússins og aðstaða leigutaka þannig bætt til muna. Aðstaðan hefur þegar verið tekin í notkun og þykir hafa tekist vel til.

***Kaup og sala eigna frá áramótum***

Eik fasteignafélag fékk allar eignir Slippsins, fasteignafélags ehf. (nú EF14 ehf.), afhentar 1. mars 2017 eins og áætlanir höfðu gert ráð fyrir.

Félagið fjárfesti í þremur öðrum eignum á fyrstu níu mánuðum ársins, Miðhrauni 2, Hyrjarhöfða 8 og hæð í Síðumúla 15.

Félagið seldi eignarhluta sinn í Melgerði 13, sem var eina eign félagsins á Reyðarfirði, eignarhluta sinn í Hverafold 1-3 og hluta af eignarhlut sínum í Bæjarlind 14-16.

***Virðisútleiguhlutfall***

Virðisútleiguhlutfall félagsins var 95,6% í lok ársfjórðungsins og hefur lækkað um 0,8% frá áramótum. Helsta ástæðan fyrir lækkun á virðisútleiguhlutfalli félagsins er sú að Vodafone skilaði Ármúla 13a samhliða móttöku Suðurlandsbrautar 8 en ávallt var ljóst að það myndi hafa áhrif á virðisútleiguhlutfallið.

***Eik í hnotskurn***

Eik fasteignafélag sinnir rekstri og útleigu á atvinnuhúsnæði ásamt eignarhaldi á hótelrekstri. Fjöldi eigna félagsins er yfir 100 og telja þær samtals tæpa 300 þúsund útleigufermetra.

Virði fasteigna félagsins er rúmir 86 ma.kr. og heildarfjöldi leigutaka er yfir 400. Helstu eignir félagsins eru Borgartún 21 og 26, Mýrargata 2-16, Pósthússtræti 2 (Hótel 1919), Nýi Glæsibær, Turninn í Kópavogi, Smáratorg 1, Glerártorg og Austurstræti 5,6,7 og 17.

Stærstu leigutakar eru Húsasmiðjan, Fasteignir ríkissjóðs, Flugleiðahótel, Rúmfatalagerinn, Landsbankinn, Síminn, Míla, Deloitte, Vátryggingafélag Íslands og Fjarskipti (Vodafone).

# Staðsetning og tegundir fasteigna


























# Um rekstur félagsins

| | Skýr. | Þriðji ársfjórðungur 2017 1.7.-30.9 | Þriðji ársfjórðungur 2016 1.7.-30.9 | Þrír ársfjórðungar 2017 1.1.-30.9 | Þrír ársfjórðungar 2016 1.1.-30.9 |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | 2.016 | 1.822 | 5.643 | 4.981 |
| Rekstrarkostnaður | 6 | ( 684) | ( 592) | ( 1.947) | ( 1.627) |
| **Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu og afskriftir** | | 1.331 | 1.229 | 3.696 | 3.354 |
| Söluhagnaður fjárfestingareigna | | 0 | 0 | 64 | 48 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | 8 | 362 | 607 | 1.550 | 1.673 |
| Afskriftir | | ( 30) | ( 29) | ( 88) | ( 57) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 1.663 | 1.807 | 5.222 | 5.019 |
| Fjármunatekjur | | 15 | 7 | 37 | 38 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 670) | ( 612) | ( 2.236) | ( 2.068) |
| Hrein fjármagnsgjöld | 7 | ( 655) | ( 605) | ( 2.200) | ( 2.030) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 1.009 | 1.202 | 3.022 | 2.989 |
| Tekjuskattur | | ( 205) | ( 239) | ( 613) | ( 598) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | | 804 | 963 | 2.410 | 2.391 |

| **Rekstrartekjur** | **9m 2017** |
|---|---|
| Leigutekjur | 4.666 |
| Tekjur Hótels 1919 | 662 |
| Rekstrartekjur sameigna | 278 |
| Aðrar tekjur | 36 |
| **Samtals** | **5.643** |

| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | **9m 2017** |
|---|---|
| Vaxtatekjur | 37 |
| Vaxtagjöld | ( 1.650) |
| Verðbætur | ( 586) |
| **Samtals** | **( 2.200)** |

| **Rekstrarkostnaður** | **9m 2017** |
|---|---|
| Fasteignagjöld og tryggingar | 821 |
| Rekstrarkostnaður Hótels 1919 | 438 |
| Rekstrarkostnaður sameigna | 317 |
| Annar rekstrarkostnaður fjárfestingareigna | 70 |
| Viðhaldskostnaður fjárfestingareigna | 49 |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna | 9 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 242 |
| **Samtals** | **1.947** |

***Rekstrartekjur***
Rekstrartekjur félagsins á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 námu 5.643 m.kr., þar af námu leigutekjur 4.666 m.kr. og tekjur Hótels 1919 662 m.kr.

Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu og afskriftir nam 3.696 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins 2017. NOI hlutfall, þ.e. rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu, afskriftir og einskiptisliði sem hlutfall af leigutekjum, nam 75,6% samanborið við 76,3% á fyrstu níu mánuðum ársins 2016. Við útreikning á NOI hlutfallinu var stuðst við leigutekjur samstæðunnar að viðbættum tekjum Hótels 1919 og frádregnum kostnaði, þ.e. horft er á nettótekjur frá Hóteli 1919 sem veltuleigu.

***Matsbreyting fjárfestingareigna***
Fjárfestingareignir eru langstærsti hluti eigna félagsins. Til þess að gefa sem bestu mynd af virði fjárfestingareigna er matsbreyting fjárfestingareigna reiknuð upp á hverjum ársfjórðungi og færist matsbreyting eignanna í rekstrarreikning. Matsbreyting fjárfestingareigna á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 nam 1.550 m.kr., þar af var 362 m.kr. matsbreyting í þriðja fjórðungi.

***Rekstrarkostnaður***
Rekstrarkostnaður félagsins á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 nam 1.947 m.kr., þar af var kostnaður vegna Hótels 1919 438 m.kr.

Fasteignagjöld og tryggingar námu 821 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 706 m.kr. á sama tímabili árið 2016. Þá nam skrifstofu– og stjórnunarkostnaður 242 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 og rekstrarkostnaður sameigna 317 m.kr.

***Fjármagnsgjöld***
Hrein fjármagnsgjöld námu 2.200 m.kr. og skiptast í vaxtatekjur 37 m.kr., vaxtagjöld 1.650 m.kr. og verðbætur 586 m.kr.

***Hagnaður***
Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 3.022 m.kr. og reiknaður tekjuskattur nam 613 m.kr. Samkvæmt áætlun mun ekki koma til greiðslu á tekjuskatti vegna nýtingar á skattalegu tapi. Hagnaður tímabilsins nam 2.410 m.kr. og hagnaður á hlut 0,70 kr.

*Fjárhæðir eru í milljónum króna*

# Um efnahag félagsins

| | Skýr. | 30.9.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Óefnislegar eignir | | 531 | 551 |
| Fjárfestingareignir | 8 | 82.784 | 72.999 |
| Eignir til eigin nota | 9 | 3.689 | 3.712 |
| Fastafjármunir | | 87.003 | 77.262 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 576 | 391 |
| Handbært fé | | 1.613 | 1.908 |
| Veltufjármunir | | 2.189 | 2.300 |
| **Eignir samtals** | | 89.192 | 79.562 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 3.456 | 3.456 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 12.950 | 12.950 |
| Lögbundinn varasjóður | | 848 | 848 |
| Bundinn hlutdeildarreikningur | | 2.318 | 933 |
| Óráðstafað eigið fé | | 8.279 | 8.182 |
| **Eigið fé** | 10 | 27.851 | 26.369 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 11 | 47.810 | 46.328 |
| Aðrar langtímaskuldir | | 74 | 20 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 5.548 | 4.791 |
| Langtímaskuldir | | 53.432 | 51.140 |
| Vaxtaberandi skuldir | 11 | 6.523 | 988 |
| Skattur til greiðslu | | 61 | 64 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 12 | 1.325 | 1.001 |
| Skammtímaskuldir | | 7.909 | 2.052 |
| **Skuldir samtals** | | 61.341 | 53.193 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 89.192 | 79.562 |

***Um efnahag félagsins***

Heildareignir félagsins námu 89.192 m.kr. í lok september 2017 til samanburðar við 79.652 m.kr. í árslok 2016. Fjárfestingareignir námu 82.784 m.kr. í lok tímabilsins en námu 72.999 m.kr. í lok árs 2016. Handbært fé nam 1.613 m.kr. í lok september 2017 til samanburðar við 1.908 m.kr. í lok árs 2016. Heildarskuldir námu 61.341 m.kr. í lok september 2017, en námu 53.193 m.kr. í lok árs 2016.

***Fastafjármunir***

Fastafjármunir félagsins nema 87.003 m.kr. Af því eru 82.784 m.kr. fjárfestingareignir sem skiptast í fasteignir í útleigu að fjárhæð 80.913 m.kr., fasteignir í þróun 1.410 m.kr., byggingarréttir og lóðir 449 m.kr. og fyrirfram greidd gatnagerðargjöld að fjárhæð 13 m.kr. Þær eignir sem eru í þróun eru 4. og 5. hæð í Ármúla 3 og 2. hæð í Hallarmúla 3, Suðurlandsbraut 10, ásamt Helluhrauni 8.

Sundurliðun á byggingarréttum og lóðum félagsins má sjá hér að neðan. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um nýtingu á þeim byggingarréttum sem félagið á. Eins og vísað hefur verið í í ársskýrslum félagsins þá hvílir kvöð á nýtingu félagsins á Borgartúni 21a. Félagið er þeirrar skoðunar að leyfilegt byggingarmagn á Skeifunni 7 muni aukast en ekki hefur verið lokið gerð nýs deiliskipulags fyrir Skeifusvæðið.

***Eigið fé***

Eigið fé samstæðunnar nam 27.851 m.kr. í lok september 2017 og nam eiginfjárhlutfallið 31,2%. Á aðalfundi félagsins, sem haldinn var 29. mars 2017, var samþykkt að greiða 928 m.kr. í arð til hluthafa, eða sem nemur 0,27 kr. á hlut. Arðurinn var greiddur 27. apríl. Stefna stjórnar félagsins er að greiða allt að 35% af handbæru fé frá rekstri hvers árs í arð til hluthafa. Handbært fé frá rekstri nam 2.281 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins 2017.

***Skuldir***

Vaxtaberandi lán samstæðunnar námu 54.333 m.kr. í lok september 2017 til samanburðar við 47.316 m.kr. í árslok 2016. Heildarskuldir félagsins voru 61.341 m.kr. og þar af nam tekjuskattsskuldbinding 5.548 m.kr. Veðhlutfall, þ.e. vaxtaberandi skuldir sem hlutfall af fasteignum félagsins, nam 62,9%.

| **Fjárfestingareignir í m.kr.** | **30.9.2017** |
|---|---|
| Fasteignir í útleigu | 80.913 |
| Fasteignir í þróun | 1.410 |
| Byggingarréttir og lóðir | 449 |
| Fyrirframgreidd gatnagerðargjöld | 13 |
| **Samtals** | **82.784** |

| **Byggingarréttir og lóðir samkvæmt deiluskipulagi í fm.** | |
|---|---|
| Austurstræti 17 | 183 |
| Ármúli 3 | 8.400 |
| Ármúli 13 | 2.400 |
| Borgartún 21a | 8.896 |
| Gleráreyrar 6-8 | 4.000 |
| Holtasmári 1 | 2.400 |
| Skeifan 7 | 100 |
| Stórhöfði 22-30 | 22.400 |
| Stórhöfði 42 | 2.383 |
| **Samtals fm.** | **51.162** |

| **Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur** | **30.9.2017** |
|---|---|
| Viðskiptakröfur | 172 |
| Aðrar skammtímakröfur | 403 |
| **Samtals** | **576** |

| **Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir** | **30.9.2017** |
|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 369 |
| Áfallnir vextir | 492 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 463 |
| **Samtals** | **1.325** |




# Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar

1. janúar til 30. september 2017

EIK FASTEIGNAFÉLAG

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Eik fasteignafélag hf. er íslenskt hlutafélag. Samstæða félagsins samanstendur af móðurfélaginu, Eik fasteignafélagi hf., ásamt fimm dótturfélögum sem öll eru í 100% eigu móðurfélagsins. Starfsemi félagsins er eignarhald, útleiga og rekstur á atvinnuhúsnæði og eignarhaldi á hótelrekstri.

Árshlutareikningur Eikar fasteignafélags hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2017 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðu árshlutareikning Eikar fasteignafélags hf. og dótturfélaga.

Heildarhagnaður samstæðunnar á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 nam 2.410 m.kr. samkvæmt yfirliti um heildarafkomu. Heildareignir samstæðunnar námu 89.192 m.kr. þann 30. september 2017 samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins nam 27.851 m.kr., þar af hlutafé að fjárhæð 3.456 m.kr. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar nam 31,2% í lok september 2017.

Á aðalfundi félagsins, sem haldinn var 29. mars 2017, var samþykkt að greiða 928 m.kr. í arð til hluthafa, eða sem nemur 0,27 kr. á hlut. Útborgunardagur arðs var 27. apríl 2017.

Um miðjan október opnaðist heimild til endurfjármögnunar skuldabréfaflokksins EIK 12 01 en flokkurinn bar 4,3% vexti. Í aðdraganda uppgreiðslunnar var haldið vel heppnað skuldabréfaútboð þar sem boðnir voru til sölu tveir skuldabréfaflokkar, EIK 161023 og EIK 161047. Heildareftirspurn í báða flokkana nam samtals 11,5 ma.kr. en 9,9 ma.kr. voru seldir í flokkinn EIK 161047 á ávöxtunarkröfunni 3,6%. Hollenskt uppboð var á EIK 161023 en öllum tilboðum í hann var hafnað. Samhliða þessu voru dregnir rúmlega 2 ma.kr. á bankafjármögnun sem félagið hafði tryggt sér í aðdraganda útboðsins. Flokkurinn var svo greiddur upp þann 16. október s.l. og afskráður í kjölfarið.

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**
Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. september 2017 og rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2017.

Stjórn og forstjóri Eikar fasteignafélags hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. nóvember 2017

Í stjórn félagsins:

Forstjóri:





# Yfirlit yfir heildarafkomu tímabilsins 1. jan. til 30. sept. 2017

| | | Þriðji ársfjórðungur | | Þrír ársfjórðungar | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Skýr. | **2017 1.7.-30.9** | **2016 1.7.-30.9** | **2017 1.1.-30.9** | **2016 1.1.-30.9** |
| Rekstrartekjur | | 2.016 | 1.822 | 5.643 | 4.981 |
| Rekstrarkostnaður | 6 | ( 684) | ( 592) | ( 1.947) | ( 1.627) |
| **Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu og afskriftir** | | 1.331 | 1.229 | 3.696 | 3.354 |
| Söluhagnaður fjárfestingareigna | | 0 | 0 | 64 | 48 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | 8 | 362 | 607 | 1.550 | 1.673 |
| Afskriftir | | ( 30) | ( 29) | ( 88) | ( 57) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 1.663 | 1.807 | 5.222 | 5.019 |
| Fjármunatekjur | | 15 | 7 | 37 | 38 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 670) | ( 612) | ( 2.236) | ( 2.068) |
| Hrein fjármagnsgjöld | 7 | ( 655) | ( 605) | ( 2.200) | ( 2.030) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 1.009 | 1.202 | 3.022 | 2.989 |
| Tekjuskattur | | ( 205) | ( 239) | ( 613) | ( 598) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | | 804 | 963 | 2.410 | 2.391 |
| **Hagnaður á hlut:** | | | | | |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut | | 0,23 | 0,28 | 0,70 | 0,69 |

Skýringar á blaðsíðum 19 - 23 eru órjúfanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Efnahagsreikningur 30. september 2017

| | Skýr. | 30.9.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Óefnislegar eignir | | 531 | 551 |
| Fjárfestingareignir | 8 | 82.784 | 72.999 |
| Eignir til eigin nota | 9 | 3.689 | 3.712 |
| Fastafjármunir | | 87.003 | 77.262 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 576 | 391 |
| Handbært fé | | 1.613 | 1.908 |
| Veltufjármunir | | 2.189 | 2.300 |
| **Eignir samtals** | | 89.192 | 79.562 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 3.456 | 3.456 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 12.950 | 12.950 |
| Lögbundinn varasjóður | | 848 | 848 |
| Bundinn hlutdeildarreikningur | | 2.318 | 933 |
| Óráðstafað eigið fé | | 8.279 | 8.182 |
| **Eigið fé** | 10 | 27.851 | 26.369 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 11 | 47.810 | 46.328 |
| Aðrar langtímaskuldir | | 74 | 20 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 5.548 | 4.791 |
| Langtímaskuldir | | 53.432 | 51.140 |
| Vaxtaberandi skuldir | 11 | 6.523 | 988 |
| Skattur til greiðslu | | 61 | 64 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 12 | 1.325 | 1.001 |
| Skammtímaskuldir | | 7.909 | 2.052 |
| **Skuldir samtals** | | 61.341 | 53.193 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 89.192 | 79.562 |

Skýringar á blaðsíðum 19 - 23 eru órjúfanlegur hluti árshlutareikningsins.





# Eiginfjáryfirlit 30. september 2017

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Lögbundinn varasjóður | Bundinn hlutdeildar-reikningur | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar - 30. september 2016** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2016 | 3.456 | 12.950 | 665 | 0 | 6.467 | 23.539 |
| Greiddur arður 0,24 kr. á hlut | | | | | ( 818) | ( 818) |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | | | 2.391 | 2.391 |
| Fært á bundinn hlutd.reikning | | | | 978 | ( 978) | 0 |
| Eigið fé 30.9.2016 | 3.456 | 12.950 | 665 | 978 | 7.063 | 25.112 |
| **1. janúar til 30. september 2017** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2017 | 3.456 | 12.950 | 848 | 933 | 8.182 | 26.369 |
| Greiddur arður 0,27 kr. á hlut | | | | | ( 928) | ( 928) |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | | | 2.410 | 2.410 |
| Fært á bundinn hlutd.reikning | | | | 1.385 | ( 1.385) | 0 |
| Eigið fé 30.9.2017 | 3.456 | 12.950 | 848 | 2.318 | 8.279 | 27.851 |

Skýringar á blaðsíðum 19 - 23 eru órjúfanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit fyrir tímabilið 1. jan. til 30. sept. 2017

| | Skýr. | 2017<br>1.1.-30.9. | 2016<br>1.1.-30.9 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Rekstrarhagnaður tímabilsins | | 5.222 | 5.019 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Söluhagnaður fjárfestingareigna | | (64) | (48) |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | 8 | (1.550) | (1.673) |
| Afskriftir | | 88 | 57 |
| | | 3.696 | 3.354 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum | | (150) | (130) |
| Breyting á rekstrartengdum skuldum | | 144 | 152 |
| | | 3.690 | 3.376 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 37 | 33 |
| Greidd vaxtagjöld | | (1.446) | (1.210) |
| Handbært fé frá rekstri | | 2.281 | 2.199 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Fjárfesting í fjárfestingareignum | | (3.906) | (1.468) |
| Söluverð fjárfestingareigna | | 307 | 170 |
| Breyting á eignum til eigin nota | | (14) | (22) |
| Fjárfesting í dótturfélögum að frádregnu yfirteknu handbæru fé | | (2.286) | (2.579) |
| Aðrar kröfur, breyting | | (44) | 282 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | (5.943) | (3.617) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Greiddur arður | | (928) | (818) |
| Tekin ný langtímalán | | 6.587 | 5.985 |
| Afborganir og uppgreiðslur langtímalána | | (2.785) | (2.090) |
| Skammtímaskuldir, breyting | | 493 | 59 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 3.367 | 3.137 |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | (295) | 1.719 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 1.908 | 1.383 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | | 1.613 | 3.102 |

Skýringar á blaðsíðum 19 - 23 eru órjúfanlegur hluti árshlutareikningsins.



*Fjárhæðir eru í milljónum króna*

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Eik fasteignafélag hf., "félagið", er með aðsetur að Álfheimum 74 í Reykjavík. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2017 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar. Félagið er almenningshlutafélag og skráð í Kauphöll Íslands ( NASDAQ Iceland).

## 2. Grundvöllur reikningskilanna

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Eikar fasteignafélags hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2016. Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 8. nóvember 2017.

Nokkrir nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og endurbætur á stöðlum gilda fyrir reikningsár sem hefjast eftir 1. janúar 2017 og er heimilt að beita fyrir gildistöku þeirra. Samstæðan hefur ekki nýtt heimildirnar við gerð þessa samstæðureiknings. Stjórnendur telja að innleiðing á þessum stöðlum muni ekki hafa veruleg áhrif á samstæðureikninginn.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2016. Hægt er að nálgast ársreikning félagsins á www.eik.is. og www.nasdaqomxnordic.com. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í milljónum. Fjárfestingareignir félagsins eru metnar á gangvirði, en að öðru leyti er árshlutareikningurinn byggður á kostnaðarverði.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

## 5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttayfirlit veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins. Félagið skiptist í tvo starfsþætti sem selja vöru og þjónustu á mismunandi mörkuðum.

### Starfsþættir 1.1-30.9.2017

| | Fjárfestingar-eignir | Hótel | Jöfnunar - færslur | Samstæða samtals |
|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 5.181 | 662 | ( 200) | 5.643 |
| Rekstrarkostnaður | ( 1.708) | ( 438) | 200 | ( 1.947) |
| Rekstrarhagnaður (tap) fyrir matsbreytingu og afskriftir | 3.473 | 223 | 0 | 3.696 |
| Söluhagnaður fjárfestingareigna | 64 | 0 | 0 | 64 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | 1.550 | 0 | 0 | 1.550 |
| Afskriftir | ( 46) | ( 42) | 0 | ( 88) |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 2.198) | ( 2) | 0 | ( 2.200) |
| Heildarhagnaður (tap) fyrir tekjuskatt | 2.843 | 180 | 0 | 3.022 |
| Tekjuskattur | ( 609) | ( 4) | 0 | ( 613) |
| Heildarhagnaður (tap) tímabilsins | 2.234 | 175 | 0 | 2.409 |
| Eignir 30.9.2017 | 88.582 | 658 | ( 48) | 89.192 |
| Skuldir 30.9.2017 | 60.934 | 454 | ( 48) | 61.341 |

### Starfsþættir 1.1-30.9.2016

| | Fjárfestingar-eignir | Hótel | Jöfnunar - færslur | Samstæða samtals |
|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 4.468 | 622 | ( 109) | 4.981 |
| Rekstrarkostnaður | ( 1.339) | ( 397) | 109 | ( 1.627) |
| Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu og afskriftir | 3.129 | 225 | 0 | 3.354 |
| Söluhagnaður fjárfestingareigna | 48 | 0 | 0 | 48 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | 1.673 | 0 | 0 | 1.673 |
| Afskriftir | ( 12) | ( 45) | 0 | ( 57) |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 2.001) | ( 29) | 0 | ( 2.030) |
| Heildarhagnaður fyrir tekjuskatt | 2.837 | 151 | 0 | 2.989 |
| Tekjuskattur | ( 574) | ( 24) | 0 | ( 598) |
| Heildarhagnaður tímabilsins | 2.263 | 128 | 0 | 2.391 |
| Eignir 30.9.2016 | 77.889 | 745 | ( 57) | 78.577 |
| Skuldir 30.9.2016 | 53.167 | 353 | ( 57) | 53.463 |





## 6. Rekstrarkostnaður

| Rekstrarkostnaður greinist þannig í lok tímabils: | 2017<br>1.1. - 30.9. | 2016<br>1.1. - 30.9. |
|---|---|---|
| Fasteignagjöld og tryggingar | 821 | 706 |
| Viðhaldskostnaður | 49 | 41 |
| Rekstrarkostnaður fasteigna | 317 | 305 |
| Rekstrarkostnaður hótels | 438 | 288 |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna og tapaðar kröfur | 9 | 0 |
| Annar rekstrarkostnaður | 312 | 275 |
| Einskiptiskostnaður vegna fjárfestinga | 0 | 12 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 1.947 | 1.627 |

## 7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig í lok tímabils: | 2017<br>1.1. - 30.9. | 2016<br>1.1.-30.9 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 37 | 38 |
| Vaxtagjöld | ( 1.650) | ( 1.397) |
| Verðbætur | ( 586) | ( 671) |
| Fjármagnsgjöld | ( 2.236) | ( 2.068) |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 2.200) | ( 2.030) |

## 8. Fjárfestingareignir

| Fjárfestingareignir greinast þannig í lok tímabils: | 30.9.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Bókfært verð í ársbyrjun | 72.999 | 67.625 |
| Fjárfesting í núverandi fjárfestingareignum | 2.509 | 2.422 |
| Fjárfesting í nýjum fjárfestingareignum | 1.384 | 400 |
| Fjárfest í félagi | 4.585 | 162 |
| Seldar fjárfestingareignir | ( 242) | ( 125) |
| Matsbreyting | 1.550 | 2.514 |
| Bókfært verð í lok tímabils | 82.784 | 72.999 |

Fjárfestingareignir samstæðunnar eru metnar af stjórnendum félagsins á gangvirði á reikningsskiladegi í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 40. Matið er byggt á gangvirði hliðstæðra eigna á virkum markaði í viðskiptum milli ótengdra upplýstra aðila á reikningsskiladegi. Við matið beita stjórnendur ályktunum sem hafa áhrif á fjárhæðir eigna og skulda. Þetta mat og ályktanir eru stöðugt endurmetnar og byggja á reynslu og öðrum staðreyndum, þar með talið væntingum um atburði í framtíðinni, sem taldar eru raunhæfar við núverandi kringumstæður. Við mat á fjárfestingareignum er notuð sama aðferðafræði og í samstæðuársreikningi félagsins.

## 9. Eignir til eigin nota

| Eignir til eigin nota greinast þannig: | Skrifstofa | Hótel | Bifreiðar og annað | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Heildarverð 1.1.2017 | 103 | 3.601 | 103 | 3.808 |
| Viðbætur á tímabilinu | 0 | 35 | 9 | 44 |
| Heildarverð 30.9.2017 | 103 | 3.636 | 112 | 3.852 |
| **Afskriftir** | | | | |
| Afskrifað alls 1.1.2017 | 2 | 51 | 42 | 95 |
| Afskrift tímabilsins | 0 | 54 | 13 | 67 |
| Afskrifað alls 30.9.2017 | 2 | 105 | 55 | 162 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 101 | 3.550 | 62 | 3.712 |
| Bókfært verð í lok tímabils | 101 | 3.531 | 56 | 3.689 |





## 10. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 3.465 m.kr. Félagið á eigin hlutabréf að nafnverði 8,8 m.kr. sem færð eru til lækkunar á hlutafé. Útistandandi hlutir í árslok eru 3.456 m.kr. og eru þeir allir greiddir. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Arðgreiðsla að fjárhæð 928 m.kr., sem samþykkt var á aðalfundi 29. mars, var greidd til hluthafa 27. apríl 2017.

## 11. Vaxtaberandi skuldir

| **Vaxtaberandi skuldir meðal langtímaskulda** | 30.9.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir | 21.492 | 14.467 |
| Skuldabréfaútgáfur | 33.105 | 33.121 |
| | 54.597 | 47.589 |
| Næsta árs afborgun | ( 6.523) | ( 988) |
| Eignfærður lántökukostnaður | ( 263) | ( 272) |
| Vaxtaberandi skuldir alls | 47.810 | 46.328 |
| **Vaxtaberandi skuldir meðal skammtímaskulda** | | |
| Næsta árs afborgun langtímalána | 6.009 | 988 |
| Skammtímalán | 514 | 0 |
| Skammtímalán samtals | 6.523 | 988 |

## 12. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig í lok tímabils: | 30.9.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 369 | 339 |
| Áfallnir vextir | 492 | 283 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 463 | 379 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals | 1.325 | 1.001 |




EIK
FASTEIGNAFÉLAG

Álfheimum 74
104 Reykjavík
Sími 590 2200
www.eik.is